

Margrét Pála Ólafsdóttir: Framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar fyrir stúlkur og drengir í leik- og grunnskóla. *Endurskilgreining kvenleika og karlmennsku með börnum frá 18 mánaða aldri til 9 ára.*

Kvennabarátta síðustu aldar, bæði fyrsta og önnur bylgja feminismans, hvatti konur til að endurskoða kynhlutverk sitt. Árangurinn varð sjálfstyrking og sókn okkar út af heimilum og inn í opinbera þátttöku. Við eigum enn langt í land til að jafnrétti ríki, lengra en margir þora að horfast í augu við en við erum þó lagðar af stað. Hvað svo sem bakslögum og tímabundinni stöðnun líður, tekur enginn til baka þá endurskilgreiningu kvenleikans sem hafin er. Hins vegar hafa karlar ekki tekið til hendinni í sinni karlmennsku af sama krafti. Vissulega hafa þeir byrjað að taka einhverja heimilisábyrgð en þó aðeins að litlu leyti og mestmegnis er kynhlutverk þeirra hið sama og verið hefur. Heimurinn þarfnast því ekki aðeins nýs kvenleika heldur einnig nýrrar karlmennsku. Hér á ég ekki við endurskilgreininguna í kjölfar '68 byltingarinnar þar sem markmiðið var nánast að afkynja konur og karla og allir skyldu vera sem mest „eins“. Þvert á móti þurfum við nýja leið þar sem menning og sérstaða beggja kynja er viðurkennd en um leið þróast ný færni þar sem bæði kvenleikinn og karlmennskan fá á sig nýja mynd.

Þetta virðast náttúrulega orðin tóm, enn ein klisjan um leiðir að jafnrétti kynjanna. En þetta er niðurstaðan af 20 ára tilraunastarfi hjá mér og samstarfsfólki mínu í bæði leik- og grunnskólum sem við starfrækjum, alls 13 stofnanir með 1200 nemendum frá 18 mánaða til 9 ára. Markmið okkar með starfsemi Hjallastefnunnar er mjög einfalt; við ætlum okkur að breyta heiminum og hvar á að byrja ef ekki hjá börnum.

Kynímynd barna (gender identity) er að miklu leyti mótuð á öðru aldursári. Þeirri staðreynd gleymum við oft í kappi okkar við að koma á breytingum í jafnréttisátt – og verðum svo alltaf jafnvonsvikin yfir hversu hægt miðar. Í mínum huga er eina færa leiðin einfaldlega gegnum uppeldið og því hvílir mikið á einkaheimilum og fjölskyldum að vera fyrirmynd að fjölbreyttum möguleikum bæði drengja og stúlkna. Því miður eru þó ungir foreldrar ansi hefðbundnir í hlutverkunum og þá kemur að næsta uppeldisaðila sem erum við, leik- og grunnskólafólkið sem vinnum með ómótuðustu börnin.

Hjallastefnan byggir á þessari einföldu hugmynd um breytingar gegnum uppeldið. Strax frá 18 mánaða aldri eru börnin okkar á kynjaskiptum deildum og því fyrirkomulagi höldum við til 9 ára aldurs en skólar okkar ná ekki lengra upp – en sá tími mun koma. ☺

Kynjaskipta starfið mætir því að bæði stúlkur og drengir fá óskerta athygli kennaranna og óskertan tíma til að tjá sig. Þau fá samskonar hvatningu til framfara og sambærilegt athafnarými inni sem úti. Allar rannsóknir síðustu áratugina sýna að stöðugar og lögskipaðar samvistir kynjanna í hefðbundnu starfi ýta undir gömlu kynhlutverkin. Stúlkurnar bíða athyglissviptar og æfa þolendahlutverkið en drengirnir njóta bæði athygli og rýmis en alltaf með neikvæðum formerkjum sem brýtur niður námslega sjálfsmynd þeirra. Kynjaskiptingin leysir þennan vanda á einum degi.

Kynjaskipta starfið skilar líka því að bæði kyn fá tækifæri til að æfa nýja færni, þá færni sem venjulega tilheyrir hinu kyninu. Drengirnir æfa sig í umhyggju við vini sína og taka ábyrgð á samskiptum en stúlkurnar fara að taka meira rými og láta heyra í sér.

Um leið og hitt kynið er ekki í auglýsýn, sjást þessar miklu breytingar á hegðun og viðhorfum. Ein af mörgum uppáhaldsminningum mínum frá fyrsta stúlknaþópnum mínum tengist einmitt því að taka sér pláss í lífinu. Þær höfðu verið hikandi að velja leikherbergið okkar þar sem voru bara dýnur og púðar, borð og stólar. Við höfðum ekki og höfum ekki enn hefðbundin leikföng þar sem þau hafa mjög kynjaða skírskoðun en loks sáu þær að til að komast í sinn elskaða mömmuleik, gætu þær búið til hús og rúm og eldavélar úr púðunum. Vissulega kvennamening en algjörlega í boði með að skapa leikheiminn sinn sjálfar og byggja upp í staðinn fyrir að fá litlu plasteftirlíkingarnar þær fá oftast upp í hendurnar. Litlu pönnurnar og pottarnir og litlu eldavélnar fyrir litlu diskana og glösin ... hvað er skelfilegra fyrir stúlkur því þessir leikir stöðva þær í grófhreyfiproskanum sem er einmitt forsenda gerandahlutverksins og þess að taka sér pláss. En – þær voru einhverju sinni sem oftast í mömmuleik nokkrar saman og ég heyrði allt í einu grát þannig að ég hljóp inn. Þar lá ein á dýnu og var lillan og stórnar voru í kringum hana að kalla á mömmuna.“ Mamma, mamma, þú verður að koma að elda matinn, lillan er svo svöng.“ Mamman var hins vegar að stökkva niður af borði með miklum tilþrifum og svaraði að bragði: „Mamman getur ekkert verið að elda matinn núna, hún á eftir að fara í kollhnís“ og þar með smelli hún sér í nokkra kollhnísa. Ég sá í anda eldhús heimsins ef allar mömmur væru með dýnu á gólfinu og tækju nokkra kollhnísa inn á milli ☺

Þriðji þátturinn sem kynjaskiptingin gefur okkur, er tækifæri til að viðurkenna menningu bæði stúlkna og drengja og viðurkenna að margt er ólíkt með kynjunum. Ég trúir reyndar ekki að konur séu frá Venus og karlar frá Mars heldur séum við öll meira og minna frá plánetunni Jörð. Hins vegar þroska kynin með sér ólíka hæfni á ólíkum tímum og stundum þarfnast þau ólíkra aðferða með sinn ólíka áhuga, ólíkra samskiptahátta, ólíkra leikja og svo mætti lengi telja.

Við samþykkjum byssur og sverð sem fylgja ofurhetjum drengjanna á búningadögum rétt eins og mömmuleikir og hársöfnun stúlkanna. Hvoru tveggja eru einkennistákn þeirra sem drengja og stúlkna, birting ákveðinnar menningar sem ekki þýðir að ráðast gegn. Þvert á móti viljum við standa með menningu beggja kynja jafnt en notum síðan tækifærið til að leggja inn og kenna nýja færni. Við höfum notað hugtakið „uppbótarvinna“ til að útskýra hvernig við þjálfum bæði kyn í áhuga, færni og verkefnum sem þau hafa verið svikin um í krafti kynferðis. Í sinni einföldustu mynd má segja að við þjálfum bæði kyn í öllum sammanlegum eiginleikum en þau þurfa ólíkar áherslur. Annars vegar þurfa stúlkur miklu meiri tíma og hvatningu en drengir til að styrkja sjálfsmýnd sína og einstaklingshæfni eins og hreinskiptni, kjark og þor svo dæmi séu tekin. Drengir þurfa hins vegar að æfa félagsfærni mun meira; góð hegðun, samskipti, vinátta og nálægð.

Mismunur stúlkna og drengja fer þó ekki 100% eftir kyni og vitanlega er ákveðin skörun í gangi. Minnihluti drengja og minnihluti stúlkna skarast við hefðbundið hlutverk hins kynsins og margir hafa haft áhyggjur af þeim sem eru ekki í takti við meirihlutann. Oft hef ég fengið spurningar um „mjúku“ drengina og hvernig þeim líði í drengjahópi. Svarið er einfalt; þeir njóta sín vel þar sem hinir drengirnir læra að taka tillit til þeirra og samþykkja að það séu margar leiðir til að vera drengur. Allt sem gerist í drengjahópi er nefnilega drengjalegt, hvort sem það er að vera í hávaða og gauragangi eða mála kofann sinn bleikan ef löngun einhvers

drengsins stendur til þess. Meira að segja prinsessukjól var samþykktur í drengjahópi hjá mér þegar þeir voru að æfa lag eftir Bubba, hinn íslenska tónlistarmann sem er karlmennskan holdi klædd. „Ég hitti litla dömu, í París var að hoppa ...“ og einn guttinn vildi leika Siggu í prinsessukjól. Hinir kinkuðu bara kolli, aðeins undrandi en sáu svo að einhver varð að leika hlutverkið. Þegar enginn af hinu kyninu er til staðar til að taka hefðbundið hlutverk, verða nefnilega bæði stúlkur og drengir að taka öll hlutverk og æfa alla færni. Þá gefst öllum kostur á að fylgja eigin hjarta, ekki bara því sem umhverfið krefst og vitaskuld er óásættanlegt að „mjúkir“ drengir séu afgreiddir inn í stúlknaþóp eins og gerist í hefðbundnu skólafarfi og fyrirferðarmiklu piltarnir haldi áfram með hina einu sönnu karlmennsku. Slíkt viðheldur þessari gömlu, stórhættulegu karlmennsku og útilokar þá sem gætu einmitt endurskilgreint hvað það er að vera drengur og karlmaður.

Að lokum vek ég athygli á að samhliða því að stúlkur og drengir leika og læra í kynjaskiptum hópum, fá þau sérstaka æfingu í samskiptum og virðingu fyrir hinu kyninu. Markmið skiptingar er nefnilega að gera bæði kyn fær um að leika saman, læra saman, vinna saman og búa saman – af virðingu og á jákvæðan hátt þar sem enginn geldur fyrir kyn sitt heldur njótum þess öll að vera eins einstök og við erum.